



Fréttatilkynning  
17 February 2025 15:00:00 GMT

## Skýrslur Íslandsbanka fyrir árið 2024

Íslandsbanki hefur gefið út tvær skýrslur vegna ársins 2024: Árs- og sjálfbærnisráðgjöf og Áhættuskýrsla (Pillar 3). Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef bankans.

### Árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2024

Íslandsbanki birtir samþætta Árs- og sjálfbærnisráðgjöf þar sem farið er yfir starfsemi, rekstur og stefnu bankans á árinu 2024. Sjálfbærnihluti skýrslunnar gerir meðal annars áföngum liðins árs á sviði sjálfbærni skil auk þess að fjalla um markmið bankans á komandi árum þegar kemur að áframhaldandi sjálfbærnivegferð hans ásamt upplýsingum í samræmi við Greenhouse Gas Protocol og Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Sjálfbærniuppgjör ársins 2024 inniheldur auk þess ítarlegri sundurliðun á UFS-upplýsingum ásamt umfjöllun um skipulags- og rekstrarmörk, aðferðafræði og skilgreiningar. Endurskoðendafyrirtækið KPMG yfirfór og veitti staðfestingu með takmarkaðri vissu fyrir tiltekinni sjálfbærniupplýsingagjöf bankans vegna ársins 2024. Sjálfbærniuppgjörið er gert að hluta til í samræmi við ESRS (e. European Sustainability Reporting Standards) staðla á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins en til viðbótar eru upplýsingar í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq.

### Áhættuskýrsla (Pillar 3)

Áhættuskýrslan er birt á ensku, en markmið hennar er að uppfylla lögbundnar kröfur um upplýsingagjöf og veita markaðsaðilum og öðrum áhugasömum upplýsingar sem ætlað er að auka skilning á áhættustýringu bankans. Áhættuskýrslan inniheldur upplýsingagjöf í samræmi við ráðleggingar Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD).

Nálgast má skýrslurnar á [ársskýrsluvef bankans](#). Sjálfbærniuppgjör ársins 2024 má ennfremur nálgast [hér](#).

### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

### Viðhengi

[Skýrslur Íslandsbanka fyrir árið 2024](#)